

GJALDSKRÁ

embættis umhverfis- og skipulagsfulltrúa Sveitarfélagsins Hornafjarðar

1. gr.

Almennt

Vegna skipulagsgerðar, framkvæmdaleyfa og annarrar þjónustu sem umhverfis- og skipulagsfulltrúi Sveitarfélagsins Hornafjarðar veitir skal greiða þau gjöld sem gjaldskrá þessi kveður á um. Gjaldtakan er byggð á heimild í skipulagslögum nr. 123/2010, með síðari breytingum.

2. gr.

Framkvæmdaleyfi

Framkvæmdaleyfisgjald er innheimt skv. 20. gr. skipulagalaga nr. 123/2010. Innifalið í framkvæmdaleyfisgjaldi er kostnaður sveitarfélagsins vegna útgáfu og undirbúnings leyfisveitingar auk kostnaðar við eftirlit að undangengnum breytingum á skipulagi.

2.1. Framkvæmdir skv. 1. og 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021:

2.1.1. Aðkeypt vinna og auglýsingar	skv. reikningi.
2.1.2. Umsýsla, útgáfa og undirbúningur leyfisveitingar	14.970 kr. klst.

2.2. Aðrar framkvæmdir	183.721 kr.
------------------------	-------------

2.3. Eftirlit umfram viðmiðunargjald	14.970 kr. klst.
--------------------------------------	------------------

3. gr.

Aðalskipulag

Fyrir breytingar á aðalskipulagi og skipulagsvinnu eru innheimt gjöld skv. 20. og 36. gr. skipulagalaga nr. 123/2010.

3.1. Breyting á aðalskipulagi skv. 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga:

3.1.1. Vinna við breytingu á uppdrætti/greinargerð, aðkeypt þjónusta.	skv. reikningi.
3.1.2. Umsýslu- og auglýsingakostnaður	353.833 kr.

3.1.3. Við sérlega umfangsmiklar breytingar, s.s. vegna framkvæmda sem falla undir 1. og 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021, er heimilt að innheimta raunkostnað skv. tímaskráningu starfsmanna og auglýsingakostnað skv. reikningum	14.970 kr. klst.
--	------------------

3.2. Óveruleg breyting á aðalskipulagi skv. 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga:

- | | |
|---|-----------------|
| 3.2.1. Breytingar á aðalskipulagsuppdraetti, aðkeypt þjónusta | skv. reikningi. |
| 3.2.2. Umsýslu- og auglýsingakostnaður | 146.977 kr. |

4. gr.

Deiliskipulag

Fyrir gerð nýs deiliskipulags eða breytingar á deiliskipulagi fer eftir ákvæðum 38. og 43. gr. skipulagalaga nr. 123/2010.

4.1. Nýtt deiliskipulag skv. 1.mgr. 38. gr. skipulagslaga:

- | | |
|--|------------------|
| 4.1.1. Deiliskipulagsgerð, aðkeypt þjónusta | skv. reikningi. |
| 4.1.2. Umsýslu og auglýsingarkostnaður | 296.675 kr. |
| 4.1.3. Við sérlega umfangsmikil deiliskipulög, s.s. vegna framkvæmda sem falla undir 1. og 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021, er heimilt að innheimta raunkostnað skv. tímaskráningu starfsmanna og auglýsingakostnað skv. reikningum | 14.970 kr. klst. |

4.2. Veruleg deiliskipulagsbreyting skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga:

- | | |
|--|-----------------|
| 4.2.1. Veruleg breyting á deiliskipulagi, aðkeypt þjónusta | skv. reikningi. |
| 4.2.2. Umsýslu og auglýsingarkostnaður | 259.931 kr. |

4.3. Óveruleg deiliskipulagsbreyting skv. 2. og 3. mgr. 43. gr. skipulagslaga:

- | | |
|---|-----------------|
| 4.3.1. Óveruleg breyting á deiliskipulagi, aðkeypt þjónusta | skv. reikningi. |
| 4.3.2. Umsýslu og auglýsingakostnaður skv. 2. mgr. | 142.894 kr. |
| 4.3.3. Umsýslu og auglýsingakostnaður skv. 3. mgr. | 79.612 kr. |

5. gr.

Grenndarkynning og önnur þjónustugjöld

Um grenndarkynningar og aðra þjónustu fer eftir ákvæðum 43. og 44. gr. skipulagslaga. Þegar grenndarkynning felur í sér vinnu skipulagsfulltrúa með öðrum hætti en með auglýsingu í blaði eru innheimt gjöld skv. neðangreindum liðum:

- | | |
|--|------------------|
| 5.1. Grenndarkynning á leyfisumsókn. | 79.612 kr. |
| 5.2. Fyrir afhendingu landupplýsinga fyrir skipulagsvinnu. | 14.970 kr. klst. |
| 5.3. Tímagjald starfsmanna Umhverfis- og skipulagssviðs. | 14.970 kr. klst. |

Þegar grenndarkynning er umfangsmeiri en ofangreind meðalgjöld gefa til kynna er heimilt að innheimta aukagjald skv. tímagjaldi skipulagsfulltrúa.

6. gr.**Önnur þjónustugjöld**

Sveitarfélaginu Hornafirði er heimilt að innheimta önnur þjónustugjöld en mælt er fyrir um í gjaldskrá þessari, sbr. 51. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010 og skipulagslög nr. 123/2010, enda nemi þau ekki hærri fjárhæð en sem nemur kostnaði við að veita þjónustuna. Fyrir viðameiri verkefni er heimilt að innheimta gjöld eftir framvindu.

7. gr.**Vísitölubinding gjalda**

Gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari eru miðuð við launavísitölu í janúar 2025 (158,0 stig – grunnur frá mánaðarlegu launavísitölu helstu launþegahópa frá 2015) og breytast 1. janúar ár hvert, til samræmis við breytingar á vísitölunni.

8. gr.**Kæruheimild**

Aðilar máls geta kært ákvörðun samkvæmt gjaldskrá þessari til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála skv. 52. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Kærufrestur er einn mánuður frá því að aðila varð kunnugt, eða mátti vera kunnugt, um ákvörðunina. Kæra til nefndarinnar skal vera skrifleg og undirrituð, sbr. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

9. gr.**Lagaheimild**

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 20. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast gildi við birtingu. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá embættis embættis umhverfis- og skipulagsfulltrúa Sveitarfélagsins Hornafjarðar dags. 09. desember 2021.

Samþykkt í bæjarráð Sveitarfélagsins Hornafjarðar, 01. júlí 2025.

Jóna Benný Kristjánsdóttir
staðgengill bæjarstjóra